

Fjölsmiðjan á Akureyri



Skýrsla um starfsemina árið 2020

(gefin út í mars 2021)

Árið 2020 var þrettánda starfsár Fjölsmiðjunnar og eru grunnverkstæðin þau sömu og undanfarin ár þ.e.nytjamarkaður, bílaþvottur, mótuneyti og raftækja/pökkunarverkstæði. Að auki sinnir Fjölsmiðjan tilfallandi verkefnum ef það hentar starfsseminni.

Fastir starfsmenn voru áfram þrír, en þeir eru Erlingur Kristjánsson forstöðumaður, Hannes Pétursson sem sér um raftæki og pökkun, auk þess sem hann færir bókhald og Steinar Sæmundsson matreiðslumaður. Auk þess var Björn Jóhannesson lausráðinn í samstarfi við Vinnumálastofnun hluta úr árinu og sá um bílaþvott og Þröstur Heiðar aðstoðar og leysir af við ýmis verkefni.

Stjórn Fjölsmiðjunnar árið 2020 var:

Friðbjörg Sigurjónsdóttir formaður f.h.Akureyrarbæjar.

Karen Malmquist tók við sem formaður um mitt ár f.h.Eyjafjarðardeildar Rauða krossins.

Eydís Bjarnadóttir f.h.F.V.S.A., en Ásgrímur Örn Hallgrímsson f.h.Einingar-Iðju tók við.

Harpa Jörundardóttir f.h. Mennta-og menningarmálaráðuneytis.

Soffía Gísladóttir f.h.Vinnumálastofnunar. Ellen Sæmundsdóttir tók við á miðju ári.

Arnar Þór Jóhannesson f.h.Akureyrarbæjar frá miðju ári.

Úr starfinu.

Starfsemin við Fjölsmiðjunnar gengur vel og er í nokkuð föstum skorðum. Ungmennin mæta í vinnu kl.8:30 á morgnana og vinna til 15:00 alla virka daga, nema aðeins til 14:00 á föstudögum. Venjulega eru 10-15 ungmenni daglega í vinnu og hafa í nógu að snúast. Vegna Covid19 þurftum við að loka matsölunni okkar í samtals um 2 mánuði og eftir opnun var það lengi háð fjöldatakmörkunum. Það var því frekar rólegt hjá eldhúsfólkinu okkar þann tíma.

Undir lok ársins voru 26 ungmenni á launaskrá, sem er óvenjumargt og því fullmannað í Fjölsmiðjunni og biðlisti að myndast. Það má búast við að erfitt verði að koma ungmennum í vinnu frá okkur vegna atvinnuástands í Covidfaraldrinum.

Þegar vinnu lýkur í Fjölsmiðjunni hverfa flestir í aðra vinnu. Þau ungmenni sem fara frá okkur til náms fer heldur fækkandi, en þó eru alltaf nokkrir sem fara í VMA, Símei eða sækja önnur námskeið. Sumir stunda jafnvel nám meðfram vinnu í Fjölsmiðjunni.



Fjöldi ungmenna

Reglulega eru haldnir fundir með starfsmönnum Vinnumálastofnunar, Fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar og Ungmennahúss um inntöku nýrra ungmenna. Þessar stofnanir senda ungmenni í vinnu í Fjölsmiðjuna. Stundum koma ungmennin sjálf og sækja um vinnu eða að foreldrar þeirra óska eftir vinnu fyrir þau.

Atvinnuástand í landinu fór mjög versnandi á árinu vegna Covid19 faraldursins og má segja að fullmannað hafi verið í Fjölsmiðjunni síðustu mánuði ársins. Þetta sveiflast þó alltaf nokkuð.




Á árinu 2020 komu alls 52 ungmenni í vinnu í Fjölsmiðjunni, 40 strákar og 12 stelpur.

Frá stofnun hafa 347 ungmenni starfað í Fjölsmiðjunni fram til áramóta 2020-21. Til að átta sig betur á streymi ungmenna í Fjölsmiðjuna má skoða meðfylgjandi töflur.



Eins og sjá má hafa strákar alltaf verið í meirihluta þeirra sem starfa í Fjölsmiðjunni þó komið hafi tímabil þar sem stúlkur hafa verið til jafns við strákana. Hver ástæða þessa er vitum við ekki, en höfum þó gert ýmislegt til að finna út úr því og jafna kynjahlutfallið.

Á hverju ári er nokkur hreyfing á þeim ungmönnum sem starfa í Fjölsmiðjunni og fylgst er með því hvert þau ungmenni fara sem hætta störfum. Að meðaltali eru ungmennin um átta mánuði í vinnu í hvert sinn. Athugun okkar sýnir að árangur af vinnu ungmenna í Fjölsmiðjunni er góður og meirihluti krakkanna hefur gott af dvölinni og notfærir sér hana til að komast áfram eins og sjá má á meðfylgjandi myndum.



Fjárhagur

Peningalegur rekstur hefur á undanförunum árum farið versnandi og þetta árið er rekstrarniðurstaða ársreikningsins neikvæð um rúmar 4 milljónir. Það tap bætist ofan á tap síðustu þriggja ára.

Rekstrartekjur árið 2020 voru tæpar 89 milljónir og rekstrargjöld rúmlega 93 milljónir.

Undanfarin ár hefur þetta tap orsakast af samdrætti í nytjamarkaðnum okkar og að rekstrarstyrkir hafa ekki haldið í við verðlag. Árið 2020 var undirlagt covidfaraldrinu það hafði neikvæð áhrif á okkar rekstur. Nytjamarkaðurinn hélt sæmilega velli, þökk sé velvilja og áhuga almennings og fyrirtækja á Akureyri. Í staðinn snarminnkaði matsalan vegna covidlokunar og covidskerðingar og færri komu með bíla í þvott.

Vinna er í gangi við gerð nýrra rekstrarsamninga við Akureyrarbæ, Vinnumálastofnun og Mennta- og Menningarmálaráðuneytið til að mæta þessum hækkunum sem orðið hafa á launum og öllum aðföngum. Þessum aðilum ber að þakka gott samstarf og jákvætt viðhorf til Fjölsmiðjunnar í gegnum árin.

Akureyri mars 2021
Erlingur Kristjánsson forstöðumaður